

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Af hundum og köttum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 297/2013 um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Við skráningu hunds skal greiða leyfisgjald, kr. 8.475, sem gildir til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí kr. 8.475 fyrir eitt ár í senn. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Þurfi að endurnýja merkispjald, skal innheimta kr. 2.450 fyrir endurnýjunina. Fyrir handsömun hunda skal eigandi greiða áfallinn kostnað.

Hafi leyfið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hundahalds sjálfkrafa úr gildi.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa og hundar notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötludu.

3. gr.

Við skráningu kattar skal greiða leyfisgjald, skráningargjald kr. 3.000, sem gildir til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega 1. maí kr. 3.000 fyrir eitt ár í senn.

Innifalið í skráningargjaldi er merkispjald, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Þurfi að endurnýja merkispjald skal innheimta kr. 2.450 fyrir endurnýjunina.

4. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði ofangreind gjöld ekki greidd í síðasta lagi á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra 9. nóvember 2023, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. janúar 2024. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1372/2022 fyrir hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.

Hvammstanga, 9. nóvember 2023.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2023